

Leiðbeiningar Vísindaráðs Landspítala vegna umsókna 2016 um styrki til klínískra rannsókna sem ætlaðir eru ungu starfsfólki spítalans.

Veittir verða styrkir að upphæð 1 milljón kr. **Umsóknarfrestur er til miðnættis miðvikudaginn 9. nóvember 2016.** Umsóknir berist á rafrænu formi til visindarad@landspitali.is

Umsóknareyðublað er á vef Landspítala. Umsækjandi þarf að byrja á því að vista það á sinni tölvu, fylla síðan út og meðhöndla sem venjulegt ritvinnsluskjal. Allar nauðsynlegar upplýsingar eiga að koma fram á umsóknareyðublaðinu. Óstaðlaða spurningarlista má senda sér. Vinsamlega sendið ekki önnur fylgiskjöl með umsókninni nema brýna nauðsyn beri til og skal sú nauðsyn vera vel rökstudd.

Ef aðalumsækjandi sendir ekki sjálfur tölvupóstinn með umsókninni er beðið um að nafn aðalumsækjenda komi fram í efnislýsingu (subject) tölvupóstsins. **Sendandi fær tölvupóst um móttöku umsókna.**

Hver einstaklingur getur aðeins sótt um einn styrk sem aðalumsækjandi eða meðumsækjandi. Vísindasjóður Landspítala veitir ekki fleiri en einn styrk til sama verkefnis hverju sinni. Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna sem þegar er búið að framkvæma.

Frekari upplýsingar veita [Jóhanna Gunnlaugsdóttir](mailto:johgunnl@landspitali.is), s. 543 6179, johgunnl@landspitali.is og [Oddný S. Gunnarsdóttir](mailto:oddnygun@landspitali.is), s. 543 1470, oddnygun@landspitali.is, báðar á skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga, vísindadeild.

1a. Aðalumsækjandi

Skal vera starfsmaður Landspítala á tímabilinu. Hann skal hafa lokið háskólaprófi á síðustu 5 árum. Umsókn á að fylgja bréf frá yfirmanni um að viðkomandi geti tekið launalaust leyfi meðan laun hans eru greidd af styrkfé. Nóg er að senda tölvupóst um það til visindarad@landspitali.is

1b. Meðumsækjandi

Verkefnisstjóri er meðumsækjandi og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar. Skal vera starfsmaður Landspítala.

2a og 2b. Heiti verkefnis. Rita skal heiti verkefnis á íslensku í 2a og á ensku í 2b.

3. Frumumsókn eða framhaldsumsókn.

Spurt er um það hvort Vísindasjóður Landspítala hafi styrkt sama verkefni áður, sé svo þarf að skila framvinduskýrslu. Sjá aftast í umsókn. Athugið að ekki er hægt að vísa í eldri umsóknir til sjóðsins um upplýsingar.

4. Fræðasvið og fræðigrein verkefnisins.

Sjá lista aftast í eyðublaðinu. Þessar upplýsingar/flokkun veitir Vísindasjóði yfirsýn á dreifingu verkefna og styrkja á Landspítala á fræðasvið og fræðigreinar.

5. Samstarfsaðilar.

Helstu samstarfsaðilar við verkefnið og upplýsingar um þá.

6. Upphaf verkefnis og áætluð lok þess.

Tilgreinið mánuð og ár.

7. Ágrip (hámark 250 orð – á íslensku)

Beðið er um hnitmiðaða lýsingu á verkefninu. Lýsingin skal innihalda upplýsingar um markmið, aðferðir, vísindalegt gildi, lýsingu á helstu aðferðum og væntanlegri gagnsemi af niðurstöðum þess.

8. Staða þekkingar á sviði verkefnisins (hámark 750 orð, fyrir utan heimildalista)

Lýsing á bakgrunni verkefnisins og rannsóknasurningu þess. Koma skal fram skýr yfirsýn á stöðu alþjóðlegrar þekkingar á því sviði sem verkefnið byggir á. Styðjið mál ykkar með tilvísunum í ritrýnd fagrit og aðrar viðurkenndar ritrýndar faglegar heimildir. Nauðsynlegt er að vanda til þessa þáttar í umsókninni og alls ekki að vísa í eldri umsóknir til sjóðsins.

9. Lýsing á gagnsemi og framlagi verkefnisins (hámark 200 orð)

Fræðilegt, tæknilegt, hagrænt og/eða heilsufarslegt gildi niðurstaðna. Lýsið gildi verkefnisins hérlandis og/eða í alþjóðlegu samhengi. Verður mælanlegur árangur af verkefninu og er líklegt að niðurstöður leiði til birtingar í erlendum vísindatímaritum? Hverjar telur aðalumsækjandi vera höfuðástæður þess að Vísindasjóði Landspítala beri að styrkja verkefnið.

10. Lýsing á verkefninu (hámark 500 orð)

Hver er rannsóknasurning verkefnisins og hvert er nýnæmi þess. Lýsing á aðferðum, þýði/úrtaki, búnaði og mælitækjum sem nýtt verða og hvort þau hafi verið forprófuð. Útskýra þarf stærð og gerð þýðis, hvers vegna það er valið þannig og hvort úrtakið er nægilega stórt til að tölfraeðileg marktækni náist. Mikilvægt er að fram komi hvort spurningalistar hafi verið staðlaðir og að þeir fylgi umsókninni sé ekki um þekkta og staðlaða spurningalista að ræða.

11. Framkvæmdaáætlun rannsóknarinnar (hámark 500 orð)

Lýsið framkvæmda- og tímaáætlun og tiltakið vörður. Nauðsynlegt er að taka fram hlutverk og vinnuframlag sérhvers rannsakanda við framkvæmd verkefnisins. Beðið er um tímamörk einstakra atriða.

12. Kostnaðaráætlun og önnur fjármögnun rannsóknarverkefnis.

Ekki skal sækja um hærri styrk til Vísindasjóðs Landspítala í þessari umsókn en eina milljón. Sé rannsóknin kostnaðarsamari þarf að gera grein fyrir hvernig hún verði fjármögnuð. Tilgreinið áætlaðan kostnað við einstaka þætti rannsóknarinnar og rökstyðjið. Gerið grein fyrir annarri fjármögnun verkefnisins, þar með talið hvort sótt hefur verið um eða fyrirhugað sé að sækja um aðra styrki og þá hvert. Mikilvægt er að kostnaðaráætlunin sé trúverðug. Vísindasjóður veitir ekki styrki vegna ráðstefnuferða eða kynninga á niðurstöðum. **Vinsamlegast athugið:** Til að styrkur til launagreiðslu verði tekin til greina þarf starfsmaðurinn að taka launalaust leyfi frá starfi sínu á Landspítala sem nemur því starfshlutfalli sem sótt er um. Fylgja skal staðfesting frá yfirmanni um að rannsakandi geti tekið launalaust leyfi frá störfum sínum. Nægir að senda slíka staðfestingu í tölvupósti til visindarad@landspitali.is

13.og 14. Ferilskrá og ritaskrá aðalumsækjanda og meðumsækjanda. Ritskrá skal takmarkast við birtingar síðustu 5 ára. Einnig skal geta um einkaleyfi ef það á við, boðsfyrirlestra, störf sem andmælandi, handleiðslu doktors og meistaranema og faglegar viðurkenningar og/eða verðlaun.

15. Hefur verið sótt um leyfi til rannsóknarinnar

Taka skal fram hvort leyfi hafi fengist til rannsóknarinnar hjá viðeigandi aðilum (Siðanefnd,

Vísindasiðanefnd, Persónuvernd, Lífssýnasafni, framkvæmdastjóra lækninga o.fl.) Skráið númer umsókna/leyfa. Hafi rannsóknin í för með sér upplýsingaöflun sem gæti talist siðferðilegt álitamál þurfa viðeigandi leyfi að liggja fyrir. Dæmi um slíkt er til dæmis rannsókn á síðkomnum erfðasjúkdómum.

16. Fyrri styrkveitingar úr Vísindasjóði LSH - framvinduskýrsla.

Vinsamlega upplýsið um fyrri styrkveitingar sjóðsins til aðalumsækjanda eða meðumsækjanda síðastliðin 5 ár. Tilgreinið hvort verkefni lokið eða ólokið. Ef einhver verkefnanna er ólokið vinsamlegast fyllið út sérstakt eyðublað (framvinduskýrslu) sem finna má aftarlega í umsóknareyðublaðinu og sendið með. Þetta á auðvitað einnig við ef verkefnið sem sótt er um er framhaldsverkefni. Ef ekki hefur verið skilað inn lokaskýrslu fyrir verkefni sem búið er að klára, vinsamlegast látið lokaskýrslu um það verkefni einnig fylgja með umsókninni. Sendið með handrit af óbirtum greinum um niðurstöður verkefnisins/verkefna.

Fylgiskjöl: Vinsamlega athugið að ætlast er til að öllum reitum eyðublaðsins sé svarað og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í þessu umsóknareyðublaði. Ítrekað er að ekki er ætlast til að send séu fylgiskjöl með umsókninni nema brýna nauðsyn beri til og sú nauðsyn sé studd góðum rökum. Þó má senda í sér skjali spurningalista ef þeir hafa ekki verið staðlaðir og óbirt handrit sem tilheyra framvinduskýrslu eða lokaskýrslu.